

7/2 1968.

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1967.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1967.

I. Veðurfar ársins.

Í janúar var breytileg átt, en frá miðjum mánuðinum var þó einkum ríkjandi austlæg eða norðaustlæg átt.

Yfirleitt hægviðri og væg frost. Tíðarfar var fremur óhagstætt framan af, en batnaði síðari hluta mánaðarins.

Snjór var 85 cm. í byrjun mánaðarins, en var orðinn 35 cm. 10. s.m. Var 20 - 30 cm. út mánuðinn.

Hámark hita mældist 10.2 stig 15. jan., lágmark -19.5 stig 19. s.m. og -22.5 stig á lág.m.m. v/ jörð.

Í febrúar var suðlæg og þá einkum suðaustlæg átt fram til 20. febrúar og snjólítið. Eftir það snerist til norðlægrar áttar og snjókomu. Hélzt svo út mánuðinn. Snjólítið var 14.- 20. febrúar, annars var snjódýptin 15 - 55 cm., mest í lok mánaðarins. Væg frost. Hámark hita mældist 8.4 stig 14. febr., mesta frost -13.2 stig í mælaskýli og -19.0 stig á lág.m.m. v/ jörð, 23 febr.

Í marz ríkti norðlæg átt allan mánuðinn að heita mátti. Tíðarfar með afbrigðum óhagstætt til lands og sjávar. Mikil frost og talsverður snjór. Snjódýpt var 55 - 105 cm, mest í lok mánaðarins. Hámark hita mældist 6.0 stig 18. marz, lágmark - 21.0 stig í mælaskýli og -24.0 stig á lág.m.m. v/ jörð, 13. marz.

Í apríl var suðlæg átt 1.- 15. Tók snjó þá mikið. Síðan snerist til norðlægrar áttar með miklum frostum í vikutíma, þá snerist aftur til suðlægrar áttar, aðallega, og var frost um nætur en sólfar á daginn. Komu fram nokkar skemmdir fram af þeim sökum í gróðarstöðinni. Tíðarfarið var yfirleitt óhagstætt, mjög kalt og óstöðugt. Snjódýpt var 105 cm. í byrjun mánaðarins, en 10 cm. í lokin. Hámark hita mældist 11.5 stig 13. apríl, lágmark - 18.7 stig í mælaskýli og -25.0 stig v/ jörð, 18. apríl.

Í maí var tíðarfarið mjög óhagstætt gróðri og kalt. Norðaustanátt var langtíðust í mánuðinum, en norðan og austanáttir voru einnig tíðar. Snjólítið var í mánuðinum, mest 10 cm. í byrjun mánaðarins. Þetta er kaldaasti mánuður síðan 1949, en þá var nokkuð kaldara í flestum landshlutum. Á austurlandi og í útsveitum norðanlands, var hitastig álíka nú og í maí 1949, sumsstæðar jafnvel dálítið kaldara. Hámark hita mældist 17.1 stig 30. og 31. maí, lágmark -12.1 stig í mælaskýli og -14.7 stig v/ jörð, 1. maí.

Í júní var tíðarfarið lengst af fremur kalt og óhagstætt. T. d. má geta þess að 3. þ. m. var klaki ekki farinn úr reit um. - Breytilegt átt, en sunnanátt þó tiltölulega tíðust. - Gróðri fór hægt fram. Var sláttur hvergi hafinn í lok mánaðarins, hér í sveit. Hámark hita mældist 19.1 stig 11. júní. Frost mældist þrisvar í mælaskýli og tíu sinnum á lágmarks-mæli við jörð, mest -3.7 stig í mælaskýli og -6.5 stig á lágmarks-mæli við jörð, 23. júní.

Í júlí ríkti norðanátt að langmestu, norðaustanátt var einnig tíð. Tíðarfarið var mjög erfitt, kalt og grasvöxtur lítil. Sláttur hófst yfirleitt þrem vikum seinna en venjulega, hér um 20. júlí. Fæstir höfðu náð heyi í hlöðu um mánaðamót. Tún voru talsvert kalin sérstaklega utar í dalnum.

Hiti þessa mánaðar var svipaður og hiti júlí 1915. Síðan hefur ekki komið jafn kaldur júlímánuður norðanlands, en júlí 1918, 1938 og 1963 voru einnig mjög kaldir. Hámark hita mældist 20.3 stig 13. júlí og lágmark -1.4 stig í mælaskýli og -2.77 stig á lágmarksmæli v/ jörð 25. s. m.

Í ágúst var sunnanátt tíðust en einnig sunnan og vestanáttir. Tíðarfar var yfirleitt hagstætt til heyskapar og sprætt gras mikið í mánuðinum, þó hiti væri undir meðallagi. Fjórða dag ágústmánaðar hlýnaði í veðri eftir neþjuna síðustu vikur og hélzt svo út mánaðinn. Skógurinn fór að gulna um og upp úr miðjum mánuðinum. Hámark hita mældist 18.0 stig 14. ágúst, lágmark -2.7 stig í mælaskýli og -5.2 stig á lágmarksmæli v/ jörð, 3. ágúst. Frost mældist þrisvar í mælaskýli og þjögur sinnum á lágmarks-mæli v/ jörð.

September. Þá ríkti suðlæg átt og var hlýtt og afbragðs tíðarfar. Hámark hita mældist 17.8 stig, 7 sept., lágmark -4.8 stig í mælaskýli 5. s. m. og á lágmarks-mæli v/ jörð -7.0 stig 6. s. m. Frost mældist 7 sinnum í mælaskýli og 12 sinnum á lágmarks-mæli v/ jörð.

Þá í október ríkti norðlæg átt, var kalt og óvenju mikil frost, sérstaklega um og upp úr miðjum mánuði. Eftir 27. mátti heita jarðlaust fyrir suðfé. Hámark hita mældist 10.2 stig 8. október, lágmark - 16.0 stig í mælaskýli og -21.9 stig á lágmarks m. v/ jörð, 17. s. m. Snjór lág samfelt frá 14. til mánaðarmóta og var þá mestur, 40 cm.

Í nóvember var mjög breytileg átt, einkum þó suðlæg eða suðaustlæg átt og n.-austlæg átt. Talsverður snjór var 1.-16. 40-62 cm. Úr því tók snjó mjög og var snjólítið nokkra daga, í lok mánaðar 20 cm. Hámark hita 10.5 stig 18. nóv, lágmark -18.8 stig í mælaskýli 29. s. m. og -23.7 stig á lág m.m. v/ jörð 6. s. m.

Í desember var mjög breytileg átt og umhleyppingasamt. Blotar öðru hvoru og nokkur snjór allan mánuðinn, mest í lok mánaðarins, 40 cm. Talsverð frost. Hámark hita mældist 8.6 stig 2. desember, lágmark -20.1 stig í mælaskýli og -22.4 stig á lág m.m. v/ jörð, 7. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum árið 1967.

	Meðalhiti C ^o		Úrkoma mm.	
Janúar	- 2.6	(- 5.6)	27.5	(126.5)
Febrúar	- 0.8	(- 7.4)	52.2	(77.9)
Marz	- 7.3	(- 4.8)	114.9	(93.6)
Apríl	- 0.3	(- 0.2)	26.7	(39.4)
Mái	2.0	(3.0)	23.2	(19.0)
Júní	8.6	(10.1)	26.1	(23.6)
Júlí	8.0	(9.3)	64.5	(109.6)
Ágúst	9.0	(8.2)	21.0	(36.3)
September	6.5	(5.4)	19.4	(20.1)
Október	- 0.3	(- 0.6)	122.8	(48.2)
Nóvember	- 2.4	(- 2.4)	56.4	(107.3)
Desember	- 4.4	(- 5.0)	121.5	(113.9)
Árið	1.3	(0.8)	676.2	(815.4)

Tölurnar í svigum, hiti og úrkomuársins 1966.

2. VÖXTUR OG ÞRÍFTRJÁGRÓÐURS.

A. Laufgun og lauffall.

Brum á birki fór að þrútna um 3. júní og taldist skógurinn allaufgaður 16. s. m. Er það óvenjuseint og verður að fara aftur til ársins 1949, til samanburðar, en þá laufgaði skóegurinn 17. júní.

Lerki, Arkangelsk, litkaðist 12. júní. Þess má geta að Alaska-lerki fylgir að heita má birkinu hér með laufgun og lauffall.

Skógurinn fór að gulna um og upp úr miðjum ágúst og var mikið farið að láta á sjá 9. september. Mest af laufinu fók af skóginum 23. s. m.

b. Vöxtur.

Vöxtur á öllum trjáplöntum var með langminnsta móti, enda varla við öðru að búast, þar eð júlí var sá kaldasti sem komið hefur síðan 1915.

Nokkuð var vöxtur þó misjafn eftir tegundum og stöðum. Minnst óx rauðgreni, en frekar blágreni og stafafura.

Einna skárstur vöxtur var í Fellsskógi.

c. Fræfall.

Fræfall á birki var mjög lítið og engu safnað, enda ekki líkindi til þess að það gæti verið þroskað.

d. Skaðar á trjám.

Nokkuð bar á því að toppar á rauðgreni, í skóglendunum, skemmdust, ennfremur sá nokkuð á rauðgreniplöntum í gróðarstöðinni. Upp úr miðjum apríl og fram í maí, var sólfar mikið á daginn og frost um nætur og olli það skemmdum.

Rauðgreni virðist vera mjög viðkvæmt fyrir skemmdum af þessum sökum. Aftur á móti stendur blágreni, hvítgreni og stafafura sig ágætlega.

Skemmdir á rauðgreni sáust einnig eftir frostin í júní.

3. S T A R F S F Ó L K.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinnustundir eru ekki taldar með. Kaupgreiðslur og vinnustundir í Ásbyrgi eru taldar með.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1967.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákv.v. kr.</u>
Janúar	7	966	58.066.86	
Febrúar	6	962	58.486.03	
Marz	5	855	52.688.37	
Apríl	8	998	60.016.56	
Mái	14	1960	101.659.33	
Júní	31	3251	154.620.53	40.804.25
Júlí	15	2321	125.265.49	
Ágúst	13	2194	117.661.58	5.434.00
September	15	1483	82.473.68	
Október	8	720	38.907.61	
Nóvember	3	235	15.642.24	
Desember	3	213	15.769.18	
		16158	890.221.51	46.238.25
		<u>Alls kr.</u>	<u>936.459.76</u>	

Starfsfólki úr Hálsahreppi voru greiddar kr. 570.582.32. Unnið var fyrir kr. 286.926.57, af heildarupphæðinni, við skógarvarðarbústaðinn.

Vilmundur Andrésson, annaðist verkstjórn í gróðrarstöð með sömu verkaskiptingu við skógarvörð og áður.

Starfsmenn flestir þeir sömu og áður. Ola Skavhaugen, norskur " skogteknikker " vann hér frá júní byrjun til 20. október. Stjórnaði hann að miklu leiti vinnu við grisjun og gróðursetningu. Var það mikið happ að fá svo traustan og vanan mann til starfa.

Ráðskona var Halldóra Jónasdóttir, frá Fremstafelli í Ljósavatnshreppi.

4. G I R Þ I N G A R.

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður, eftirlit og smölun varð sem hér greinir:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Eftirl.& smölun</u>
Vaglagirðing..... kr.	7.013.86	3.000.00	
Þórðarstaðagirð.. -	13.302.35	5.700.00	4.140.92
Sigríðarst.girð.. -	3.312.81	1.115.00	1.503.04
Mela-gg Stórh.g.. -	9.123.56	2.300.00	2.005.00
Sandhaugagirðing. -	5.481.49	1.000.00	3.200.00
Fellsskógargirð.. -	<u>2.281.38</u>	<u>9.465.00</u>	
<u>Alls kr..... -</u>	<u>40.515.45</u>	<u>22.580.00</u>	<u>10.848.92</u>

Viðhaldskostnaður varð nú talsvert minni en á s. 1. ári, en samt með meira móti.

Í Vaglaskógi var bætt 1 rl. vírnet í girðinguna, í Þórðarstaðagirðingu 20 járnstaurum og í Sigríðarstgirðingu 10 járnstaurum.

Fellsskógargirðingin var stauruð allvel upp, með fúavörðum 6 feta birkistaurum, en birkistaurarnir frá 1959 voru orðnir afar lélegir. Enn þarf þó að bæta a. m. k. 100 staurum í girðinguna svo að vel sé.

Sigríðarstaðagirðingin er víða mjög léleg, netið fer að verða ónýtt. Eins er girðingin um Mela- og Stórhöfðaskóg, léleg og illa farin og erfið í viðhaldi.

5. SKÓGARHÖGG.

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1967 sýnir að beinar tekjur urðu kr. 118.925.00, lækkun um 27 þúsund kr. f. f. ári. Staurar og viður til eigin nota er reiknaður á kr. 34.595.00.

Kostnaður við skógarhögg varð kr. 66.168.96 og liðurinn eldiviður og staurar, þ. e. sögun, akstur, birking o. fl., varð kr. 91.928.76.

Ennþá minkaði sala á eldiviði og staurum frá árinu áður.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1967.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur.</u>
Sala 1967	1095	820	1260	40.79	---	118.925.00
S. r. Vöglum	50	550	365	20.00	---	34.595.00
Birgðir Vöglum	1000	4000	5200	20.00	6.50	194.400.00
" Þórðarst		1200	1200	20.00	---	43.600.--
Rýrnun 1967	<u>430</u>	<u>400</u>	<u>2175</u>			<u>35.400.00</u>
	2575	6970	10200	100.79	6.50	426.920.00
Birgðir 1966	<u>2575</u>	<u>4900</u>	<u>7800</u>	<u>25.00</u>	<u>6.50</u>	<u>251.300.00</u>
Högg	<u>----</u>	<u>2070</u>	<u>2400</u>	<u>75.79</u>	<u>----</u>	<u>175.620.00</u>
Tonn	<u>----</u>	<u>8.28</u>	<u>15.60</u>	<u>75.79</u>	<u>----</u>	<u>99.67</u>

Í sambandi við rýrnun staura kom í ljós að fúavörðu staurarnir höfðu verið oftaldir, haustir 1966, einhverra hluta vegna, ~~því~~ allt að helming. Ennfremur urðum við of seinir með að birkja talsvert magn af staurum á s. l. vori, svo að ekki var um annað að ræða en saga þá niður.

Annars má segja að staurabirkingin sé að miklu leiti atvinnubótavinna eins og hún nú er frækvæmd. Þarf að endurskoða vinnufyrirkomulag bæði við birkingu og fúavörn staura, og annað í því sambandi, sérstaklega geymslufyrirkomulag.

Fúavarður voru um 1800 staurar, þar af eru birgðir um áramót 1300 stk.

Í Vaglaskógi var höggvið í reitum nr. 109, 110, 316, 317 og 319.

Í Þórðarstaðaskógi var höggvið ofan af gróðursetningum sunnan og ofan Kofarjökurs og víðar og í Lautaskógi ofan af stafafura ofan vegar yzt í Lautaskógi.

Með tilkomu keðjusaga hefur vinna við skógarhögg, lézt, en þó sérstaklega ætti höggið að ganga fljótar fyrir sig.

6. GRÓÐRARSTÖÐVAR.

a. Nývirki og umbætur.

Sérstakar umbætur eða nývirki var ekki um að ræða, nema að keypt var plastgróðurhús 120 m² og var það sett upp og í það sáð í gróðrarstöðinni.

b. Fræplöntur.

Sáning stóð yfir dagana 7. og 8. júní og svo 19. og 20. s. m, en seinni dagana var sáð í plasthúsið.- Sáð var 13.25 kg. í 507 m²

Sáningin tókst yfirleitt vel, þó skal sérstaklega tekið fram að því fræi sem sáð var undir plast á vírnetsbogum, þar af, svo og það sáð var í plasthúsið, þó seint væri.

Njög mikla aðgæzlu þarf með svo að ekki ofhitni í plastgróðurhúsinu eða undir plastinu á beðunum. Það máx varla af því líta, og ekki má spara aðgæzlu um helgar. En munurinn á vexti er mikill, svo að ekkert vit er í að leggja upp með sáningarnar nema hafa plast eða gler yfir þær allar, ekki sízt þar sem búast má við frostum í hvaða mánuði sem er.

Um 60 þúsund plöntum færra kom til dreifsetningar en áætlað. Munar þar mest um rauðgreni 4/o Stjördal og Folla-foss 3/o, sem hvorutveggja var mjög skemmt af frosti.

Vinna við hreinsun fræplantna er að verða svo mikil að ekki er hægt að komast yfir hana nema breytt verði um. Skítaustur hefur alltaf verið mikill, svo að fræbeðin verða yfir að líta eins og saðsléttur. Reynt hefur verið að vinna bug á illgresinu með White spirit, en það er ekki nóg. Sé ekki annað en að hætta verði við skítinn eða taka upp önnur lyf mótt illgresinu.

c. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 31. maí og lauk 16. júní. Dreifsettar voru 154 þúsund plöntur, allt í ákvæðisvinnu.

Fimm stúlkur og einn piltur unnu að dreifsetningunni.

Dreifsetningin tókst vel þrátt fyrir erfitt tíðarfar, nema hvað birkið, var ekki flokkað nægilega strangt. Erfitt var að láta óvanar stúlkur framkvæma flokkunina nægilega vel. Gert er ráð fyrir 164^{þús} plöntum til dreifsetningar næsta vor.

d. Hreinsun.

Þrjár stúlkur unnu við hreinsun í gróðrarstöðinni, eins og undanfarin ár. Samt reyndist það svo, þótt notað væri Símazín og White spirit, eins og hægt var, að þetta reynist ekki nóg. Veitir ekki af að bæta við einni stúlku, ef hreinsun á að vera í lagi. Samt munaði talsverðu að lítið þurfti að hreinsa í plastgróðurhúsinu, en þar var sá í svörð. Mest af tímanum fer að hreinsa fræbeðin, eins og að ofan er getið.

c. Umbúnaður.

Vetrarumbúnaður plantna er aldrei stór liður í sambandi við gróðrarstöðina hér. Fræbeð 1. og 2. árs eru þakin með fjalldrapa og birkilími.

Dreifbeð eru þakin með sandi og er notaður sanddreifari við það verk.

f. Afhending.

Afhentar voru 134 þúsund plöntur, um 100 þúsund plöntum færra en áætlað.

Munar þar mest um 83 þúsund rauðgreni. Var bæði að plönturnar voru nokkur toppskemmdar og svo hitt að eftirspurn eftir rauðgreni var takmörkuð.

Plöntur til sölu og afhendingar árið 1968.

Birki.....	3/2	Bæjarstaður.....	3.500
Blágreni.....	3/4	Lake Louise.....	600
"	3/4	Sapinero.....	5.000
"	3/5	Sapinero.....	2.000
Hvítgreni.....	3/4	Wansa Lake.....	5.000
"	3/5	Seward.....	4.000
Rauðgreni.....	3/3	Namskogan.....	47.500
"	3/4	"	39.000
"	3/4	RKED.....	5.000
"	3/4	Vefsen Grane.....	26.500
Bergfura.....	2/2	Heut Confl.....	14.500
Stafafura.....	2/2	Barkerville Rd....	<u>15.500</u>
		<u>Alls</u>	<u>168.100</u>

g. Garðplöntur.

Framleiðsla garðplantna hefur ekki verið stunduð hér undanfarin ár, fyrst og fremst vegna þess hve sölumöguleikar eru takmarkaðir og ástæðulaust að keppa við Skógræktarfélag Eyfriðinga.

Hinsvegar má geta þess að plantað hefur verið í gömlu teitina sem hafa verið lagðir niður og var því haldið áfram og gróðursett 1700 blágreni í tvo þessara reita

H. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað í gróðrarstöðina:

320 kg. kjarni
100 - þrífosfat
100 - kalí brst. s.
288 - bl. áburður 22-11-11

Ekið var 12 tonnum af húsdýraáburði í reitina í haust.

i. Annað.

Sundurliðun vinnulauna og bókhald breyttist nokkuð og eru gjöldin hér tekin saman samkvæmt því:

Tekjur og Gjöld gróðrarstöðvarinnar 1967.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afh. plöntur	278.133.00	
Fræplöntur.....		125.034.48
Dreifplöntur.....		92.969.24
Garðplöntur.....		2.785.47
Ráðskona og verkstjóri		87.802.25
Ýmiss vinna.....		11.382.35
Vörur til gróðrarsst.		3.237.00
Sameiginlegur kostn...		15.259.50
		<hr/>
<u>Alls kr.</u>	<u>278.133.00</u>	<u>338.470.29</u>

Gjöldin voru um 20 þúsund krónum minni en á sl. ári, enda minna dreifsett og hreinsunin í algjöru lágmarki. Fjárhagsáætlunin hljóðaði upp á kr. 370 þúsund.

Eins og að framan er getið hafa orðið talsverðar skemmdir á fræplöntum, sérstaklega undanfarin þjú ár. Verður ekki hjá því komist að auka notkun plastsyfir sáningar til þess að komast hjá áföllum sem þessum.

Varla verður hjá því komist að gera breytingar á tegundavali í gróðrarstöðinni, þar eð komið hefur í ljós að rauðgreni virðist eiga erfitt uppdráttar hér um slóðir og land fyrir rauðgreni einnig takmarkað.

Sl. haust varu sótt 10 þúsund lerkiplöntur austur að Hallormsstað, en oft hefur reynt erfitt að fá plöntur þaðan á hæfilegum tíma og lerkid þá oftast alveg útsprungið. Var helmingi þessarar plantna komið fyrir í plöntugeymslunni, í plastpokum, en hinum slegið niður á venjulegan hátt í gróðrarstöðina.

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undurbúningur, áætlun.

Gróðursettæ voru 34.665 plöntur og var það um 5000 plöntum færra en áætlað.

Stafaði það fyrst og fremst af því að ekki gat orðið af gróðursetningu í Ásbyrgi, svo sem ráðgert var.

Aðallega unnu 4 menn að gróðursetningunni og var hún að miklu leiti unnin undir stjórn Ola Skavhaugen. Var allt unnið í ákvæðisvinnu.

Í Vaglaskógi, Sigríðarstaðaskógi og Þórðarstaðaskógi eru tilbúnir um 2 ha. á hverjum stað fyrir gróðursetningu næsta vora, ennfremur um 0.3 ha. í Ásbyrgi og allt að 1 ha. í Fellsskógi. Gera má ráð fyrir gróðursetningu allt að 40-45 þúsund planta árið, 1968.

b. Plöntuæartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett dagana 8. - 13. júní, í Þórðarstaðaskógi 14. - 16. júní, á Sandhaugum 19. og 20. s. m. og í Fellsskógi 20. og 25. s. m.

Í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett dagana 12. og 18.-21. ágúst. Norskir skógræktarmenn gróðursettu þar 1500 rauðgreni fyrsta daginn.

Bil milli planta var yfirleitt 1.4 m, nema það sem gróðursett var í gróðrarstöðinni, þar voru 0.75 m. milli planta.

c. Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegund.</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Stafafura	2/2	Barkerv.	408	7.930
"	Blágreni	2/4	Sapinero	319	1.700
					<u>9.630</u>
Þórðarstaðask	Rauðgreni	3/4	RKED		4.000
"	Blágreni	3/4	Sapinero		2.875
"	"	2/4	"		1.800
					<u>8.675</u>
Sandhaugar	Bergfura	3/2	Ginébra		2.480
"	Stafafura	3/2	Wansa Lake		2.480
					<u>4.960</u>
Fellsskógur	Hvítgreni	3/4	Seward		4.000
Sigríðarst.s	Rauðgreni	3/4	RKED		6.900
"	Hvítgreni	3/5	Seward		500
					<u>7.400</u>
				<u>Alls</u>	<u>34.665</u>

d. Yfirlit yfir plantanir Skógrf. S.-Þing. o. fl.

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fossselsskógur	Hvítgreni	3/4	Seward	2.500
"	Bergfura	3/0	Haut confl.	3.000
"	"	3/2	Ginébra	1.350
"	Stafafura	2/3	Skagway	1.780
"	"	3/2	Barkerv.	5.750
"	Lerki	2/2	Arkang.	5.795.
				<u>20.175</u>
Fellsskógur	Blágreni	2/4-3/4	Sapinero	3.400
"	Hvítgreni	3/4-3/5	Seward	1.700
"	Rauðgreni	3/4	RKED	1.800
"	"	3/4	Gr. Hattfj.	2.400
"	Sitkagreni	3/4	Seward	320
				<u>9.620</u>
Ytra-Fjall	Blágreni	2/4-3/5	Sapinero	1.650
"	Hvítgreni	3/4	Seward	1.000
"	Lerki	2/2	Arkang.	500
				<u>3.150</u>
Stafn	Lerki	2/2	Arkang.	1.000
Halldórsst.	Blágreni	3/5	Sapinero	900
Viðifell	Blágreni	3/5	Sapinero	600
Végeirsstaðir	Blágreni	3/5	Sapinero	600
"	Birki	3/2	Vaglir	150
"	"	3/2	Bæjarst.	100
"	"	3/0	"	500
				<u>1.350</u>
			<u>Alls.</u>	<u>36.795</u>

Gróðursett var í Fossselsskógi dagana 21.- 29. júní, og unnu þrír menn að gróðursetningunni, undir stjórn Ola Skavhaugen.

Í Fossselsskógi varu grísjaðir 2.0 ha. fyrir gróðursetningu næsta vor og mikið unnið að spæutun á birki-teinungi með efninu 2-M 4-K.

Norskir skógræktarmenn unnu að gróðursetningu á vegum félagsins í Fellsskógi, Ytra-Fjalli, Halldórsstöðum í Bárðardal, Végeirsstöðum og Viðivöllum í Fnjóskadal. Auk þess unnu þeir mikið að grísjun í Fossselsskógi og nokkuð að Halldórsstöðum í Bárðardal. Alls gróðursettu þeir 4.750 plöntur á vegum félagsins.

Kostnaður við gróðursetningu í Fossselsskógi varð kr. 17.437.26, grisjun, matreiðsla, úðun kr. 21.553.84, ~~hæstur~~ ofl. kr. 4.686.00, plöntukaup kr. 39.880.00, alls kr. 83.557.10

Kostnaður við komu og mótt. Norðmanna varð kr. 14.963.00, og er þar ekki innifalið asktur, fargjöld og móttökur ýmissa einstaklinga sem þeir unnu fyrir.

8. HIRÐING.

a. Hreinsun, grisjun og úðun.

Unnið var með langmesta móti við hreinsun, grisjun og úðun. Kostnaður skiptist þannig:

		Hreinsun úðun	Grisjun.
Vaglaskógur.....	kr.	5.208.99	<u>10.140.38</u>
Þórðarstaðaskógur.....	-	4.152.99	11.861.18
Fellsskógur.....	-	2.870.00	7.352.29
Sandhaugar.....	-	3.254.00	
Sigríðarstaðaskógi.....	-		14.191.56
Ásbyrgi.....	-		<u>4.420.85</u>
Alls	kr.	<u>15.485.93</u>	<u>47.966.88</u>

Í Vaglaskógi var grisjað í reitum nr. 110, 109, 316, 317, 406 og 408 og hreinsað og úðað og hreinsað frá plöntum í reit nr. 212.

Í Fellsskógi var grisjað og hreinsað frá plöntum í reitum nr. 2, 3 og 4.

Í ~~IL~~ ~~La~~askógi var grisjað ofan af stafafurunni yzt í skóginum ofan vegar og í Þórðarstaðaskógi var grisjað ofan af og hreinsað frá rauðgreni sunnan og ofan Kofarjódurs og auk þess grisjaðir um 2 ha. ofan efri vegar og bíða þeir gróðursetningar næsta vor.

Í Sigríðarstaðaskógi voru grisjaðir um 3.5 ha. og bíða um 3/5 hl. gróðursetningar næsta vor.

Á Sandhaugum var grisjað ofan af stafafuru og rauðgreni.

Í Ásbyrgi grisjað lítið eitt syðst í Bygginu, svo og fyrir gróðursetningu eins og áður er getið.

Allmikið átak var gert í grisjun og hreinsun frá plöntum, en áburðargjöf sat alveg á hakanum og verður að gera verulegt átak í þeim málum.

9. V E G A G E R D.

Ekki var unnið að neinum nýjum framkvæmdum eða viðhaldi. Hins vegar verður ekki hjá því komist vegna skógarhöggs og grisjunar að leggja í dálitla vegagerð árið 1968.

10. B Y G G I N G A R.

A. Nývirki.

Lokið var að mestu við byggingu skógarvarðarbústaðarins á árinu.

Fjórir menn unnu úrtakalítið frá áramótum fram til 13. maí að flutt var í húsið.

Málningu annaðist Ingólfur Benediktsson, frá Dal, Grenívík og dúka og parkett lagði Halldór Kristjánsson, frá Akureyri, ásamt starfsmönnum stofnunarinnar.

Eldhúsinnréttingu og skápa smíðaði trésm. Ýmir, Akureyri.

Inni- og útihurðir smíðaði trésm. Fjalar, Húsavík.

Lokafrágang á raflögn annaðist Raforka h/f, Akureyri.

Starfsmenn stofnunarinnar, þeir Vilmundur Andrésen og Hallgrímur Konráðsson, mürhúðuðu húsið utan, en málningu er ólokið. Ennfremur er aftir að ganga frá lóð við húsið.

Kostnaður sundurliðast þannig:

Kaupa starfsmanna S. r o.fl.....	kr.	267.626.25
Vinna iðnaðarmanna.....	-	19.300.00
-Efni.....	-	229.486.40
Gler.....	-	38.499.00
Flutningar og vélaleiga.....	-	13.875.00
Akstur starfsmanna.....	-	4.875.00
Teikningar.....	-	39.520.00
Raflögn.....	-	27.156.00
Eldhúsinnrétting, skápar, hurðir..	-	209.187.00
Ljós og hiti.....	-	9.697.41
Fæðiskostnaður og matreiðsla.....	-	11.728.90

Santals kr. 870.952.22

Byggingakostnaður fór um 285 þúsund krónur fram yfir brunabótaféð, en í síðustu skýslu gerði ég ráð fyrir kr. 150 - 200 þúsund. Nokkuð er til af mótaviði sem ekki hefur verið metið til verðs.

b. Viðhald og endurbætur.

Kostnaður vegna fasteigna varð um kr. 83 þúsund, þar af ljóss og hita um 26 þúsund, vegna trygginga 12 þúsund og vegna viðhalds kr. 45. þúsund.

Á Þórðarstöðum var sett niður ný eldhúsinnrétting og kostuðu þær framkvæmdir um 23 þúsund krónur.

Í Brúarlundi var forstofa og snyrtiherbætti máluð vegna samkomuhalda og á Vöglum lagfært þak, þéttar hurðir og fleira. Kostaði þetta um kr. 9 þúsund á hvorum staðnum.

Í Ásbyrgi voru framkvæmdar smávægulegar lagfæringar fyrir um 4 þúsund krónur.

11. VÉLAR OG VERKFERI.

a. Þótorvélar.

Dráttarvélin var notuð við sömu störf og áður. Reksturskostnaður vélarinnar varð kr. 6.098.00, viðhaldskostnaður kr. 8.320.78 og tryggingar kr. 844.00, alls kr. 15.263.08.

Síðari hluta janúar var fengin ný bifreið fyrir stofnunina, frambyggð, með drifi á öllum hjólum, af rússneskri gerð, tegund U. A. Z og hlaut nr. P 1484.

Reksturskostnaður varð kr. 28.506.58, viðhaldskostnaður kr. 29.834.80 og skattar og tryggingar kr. 7.338.00, alls kr. 65.679.38.

Í viðhaldskostnaði eru talin sæti sem keypt voru í bifreiðina, einangrun, vinna við þetta og að fjögga hliðargluggum á bifreiðinni.

Bifreiðin var mikið notuð vegna grisjunar, gróðursetninga, plöntuflutninga og vegna komu norska skógræktarfólksins.

Af nýjum tækjum fengnum á árinu má nefna nýja Mac Cullog keðjusög. Reyndist sú ekki sem bezt og er óhjákvæmilegt að kaupa nýja "Starlett" sög. Ennfremur væri þörf að á fá kjarrsög í Ásbyrgi.

Þess má að lokum geta að kaypt var slípivél og var hún notuð við húsbýgginguna.

Auðvitað væri þörf að kaupa ýmiss verkfæri, en það verður vitanlega að koma smá saman, jafnframt því sem reynt verður að bæta meðferð þeirra sem fyrir er.

12. Ý M I S L E G T.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var með færra móti og umgengni öll í samilegu lagi.

Víst skal þess enn getið að þörf er mikil fyrir vatns-salerni í skóginum og væri sannarlega ekki vanþörf á að bæta úr því strax í vor. Mætti jafnvel hugsa sér lítinn söluskála í því sambandi, til þess að standa undir kostnaði, auk þess sem þá mundi hægt að varðveita ýmiss verðmæti ferðafólks.

Ferðamálaráðs lét setja hér niður tvö smáhýsi úr blikki og önnur tvö í Ásbyrgi.

Borinn var tilbúinn áburður á tjaldstæði og þar sem umferð ferðafólks var mest og þarf að auka þá starfssemi.

Kostnaður vegna ferðafólks varð kr. 21.504.85, þar af í Ásbyrgi kr. 7.521.94.

b. Gestir skógræktarinnar.

Tveir hópar norskra skógræktarmanna og kvenna dvöldust hér í sýslunni, til skiptist, dagana 7. - 17. ágúst.

Í fyrri hópnum sem í voru átta karlar, var aðallega dvalist í Fossselsskógi, en sá síðari, sem í voru fjórar konur og fjórir karlar, fór víða um sýsluna og gróðursettu og grisjuðu hjá einstaklingum. Virtust bæði gestir og gestgjafar hafa mikla ánægju af heimsóknunum.

Skógræktarstjóri kom hér 11. ágúst ásamt próf. H. H. Heiberg, fararstjóranum Hvosleif og form. norska blaðamanna-sambandsins ásamt frúm.

c. Fundanöld og eftirlitsferðir.

Að venju sá ég um framkvæmdir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga í Fossselsskógi, móttökur norska skógræktar-fólksins og að miklu leiti um samkomu sem félagið hélt, ásamt H. S. Þ. og U. M. F. Bjarma, til fjáröflunar, dagana 15. og 16. júlí í Vaglaslógi. Formaður Skógræktarfé-lags Íslands hélt ræðu á samkomunni.

Auk þessa venjulegt eftirlit með framkvæmdum í skóg-lendum skógræktar ríkisins, þ. a. m. ferð í Ásbyrgi.

Sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Hlégarði í Hofsfellssveit.

d. Ýmislegt.

Þess skal getið að auk samkomunnar 15. - 16. júlí, héldu sömu félag og undanfarin ár, bindindismót í skóginum um verzlunarmannahelgina. Í júlí var haldin samkoma í Ásbyrgi á vegum ungmennafélagsins þar.

Í sambandi við þessar samkomur og þá sérstaklega þá fyrstu, urðu blaðaskrif, allharðorð, einkum vegna þess að seldur var aðgangur inn í skóginn og jafnframt stöðvuð umferð við hliðið.

Væri æskilegt að fá samræmdar reglur um þessa hluti, og þá sérstaklega hvað viðvíkur Hallormsstað og Vaglaskógi, þar sem svo hagar til að þjóðvegur liggur eftir þeim endilöngum. Er nauðsyn, ef hægt væri, að koma í veg fyrir miskilning og leiðindi í sambandi við þessar samkomur, sem annars hafa farið vel fram og yfirleitt verið fólki til ánægju.

Skátar héldu hér landsmóti í júlí, sem jafnframt var afmælistót.

Haldið var áfram að planta lúpínu á Hálsmelum. Virtist lúpínan hafa sáð sér mikið út og var urmull af smáplöntum sjáanlegur að áliðnu sumri.

Tilbúinn áburður var borinn á neðan vegar.

Vöglum 1. febrúar 1968.

Ísleifur Sumarliðason.